



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI

Alþingi  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Borgarnesi 19.04 2022

### **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, 46 mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, þar sem óskað er eftir umsögn varðandi tillögu um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju, sem lögð var fram á Alþingi af Eyjólfí Ármannssyni .

### **Almennt um tillöguna**

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi fagna því að lögð er fram tillaga um kaup á nýrri Breiðafjarðarferju. Á haustþingi SSV sem fram fór í Dalabyggð 29 september s.l. kom eftirfarandi fram í ályktun um samgöngumál. „ *Breiðafjarðarferjan Baldur er í lykilhlutverki varðandi samgöngur við Breiðafjörðinn. Það er ljóst að framtíð ferjusiglinga er mikilvæg fyrir atvinnulíf og samgöngur á milli Vestfjarða og Vesturlands. Þrátt fyrir endurbætur á vegakerfinu á sunnanverðum Vestfjörðum er mikilvægt að reksturs Baldurs verði ekki hætt. Nauðsynlegt er að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og hefji siglingar eins fljótt og verð má, enda sýndi það sig síðastliðinn vetur að litlu mátti muna að illa færi þegar núverandi ferja varð vélavana á miðjum firðinum. Núverandi samningur ríkisins um rekstur ferjunnar er í gildi fram til vors 2022 með heimild til árs framlengingar. Því er brýnt að stjórnvöld nýti tækifærið nú þegar og skipuleggi ferjusiglingar um Breiðafjörð m.t.t. breyttra aðstæðna í atvinnulífinu, öryggis og stefnu stjórnvalda í orkuskiptum.*“

Í nýrri samgönguáætlun Vesturlands sem samþykkt var nýverið kemur fram að sveitarfélögin á Vesturlandi hafa þungar áhyggjur af öryggi farþega sem ferðast með Baldri og leggja áherslu á að ný ferja hefji siglingar sem fyrst.. Í áætluninni segir „ *Miklar umræður hafa orðið að undanfögnu um öryggismál þar eða aðeins ein aðalvél er í Baldri. Mikilvægt er að ferjur eins og Baldur, sem sigla á veðrasömum svæðum og erfiðum siglingaleiðum þurfi að uppfylla strangar öryggisreglur og útbúnaður þeirra sé með þeim hætti. Nauðsynlegt er að ríkið fjárfesti í nýrri og öflugri ferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur og hefji siglingar eins fljótt og verð má.*“

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi taka því heilshugar undir tillöguna og áréttu mikilvægi þess að ríkið fjárfesti nú þegar í nýrri Breiðafjarðarferju sem uppfylli allar nútíma öryggiskröfur.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink that reads "Páll S. Brynjarsson" followed by a horizontal line.

Páll S. Brynjarsson

Framkvæmdastjóri SSV